

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar.

I. KAFLI

Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Gildissvið.

Samþykkt þessi tekur til allra afréttar- og fjallskilamála í Árnessýslu vestan vatna, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og öllum kaupstöðum í Kjalarnesþingi, þ.e. allra sveitarfélaga eða hluta sveitarfélaga vestan Olfusár, Sogs, Þingvallavatns, Þjóðgarðsgirðingar og varnarlína í Hvalfjörð (Landnámshólf).

2. gr.

Fjallskilaumdæmi og fjallskiladeildir.

Hver sýsla er fjallskilaumdæmi sem skiptist í fjallskiladeildir eftir sveitarfélögum. Kaupstaður telst til fjallskilaumdæmis þeirrar sýslu sem kaupstaðarlandið hefur áður legið undir.

Héraðsnefndir hafa á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála, hver á sínu svæði. Sveitarstjórnir annast stjórn og framkvæmd þessara mála, hver í sínu sveitarfélagi, eða í samvinnu tvær eða fleiri saman þar sem henta þykir. Heimilt er sveitarstjórnnum að fela öðrum, svo sem félögum sauðfjáreigenda, framkvæmd fjallskilamála, að einhverju eða öllu leyti.

3. gr.

Fjallskilanefnd.

Eigi fleiri en eitt sveitarfélag sameiginlegt afréttarsvæði eða upprekstrarlönd þar sem fé þeirra gengur saman, skulu viðkomandi sveitarstjórnir eða fulltrúar þeirra kjósa fjallskilanefnd til að sjá um lögboðin fjallskil svo og aðrar smalanir og fjárleitir í upprekstarlöndum. Fjallskilanefnd starfar í umboði viðkomandi sveitarstjórna og skal hún skipuð minnst einum manni úr hverju sveitarfélagi, kjörnum til fjögurra ára í senn. Aldursforseti nefndarinnar boðar til fyrsta fundar hennar og skal þá kosinn formaður sem annast síðan stjórn og boðun funda. Einstökum sveitarstjórnnum er einnig heimilt að kjósa fjallskilanefndir.

4. gr.

Samráðsnefnd.

Héraðsnefndir skulu kjósa fimm manna samráðsnefnd til fjögurra ára í senn sem skal fylgjast með framkvæmd fjallskilamála í Landnámi Ingólfs Arnarsonar og gera tillögur til héraðsnefnda og sveitarstjórna um úrbætur eftir því sem þörf krefur hverju sinni. Skulu þrír nefndarmanna vera úr Árnessýslu vestan vatna og tveir úr Kjalarnesþingi. Aldursforseti nefndarinnar boðar til fyrsta fundar hennar og skal þá kosinn formaður sem annast síðan stjórn og boðun funda.

II. KAFLI

Notkun upprekstrarlanda o.fl.

5. gr.

Upprekstrarlönd og notkun þeirra.

Upprekstrarlönd eru afréttir og þau heimalönd sem leituð eru félagslega samkvæmt ákvæðum um fjallskil, sbr. 11. og 12. gr. V. kafla þessarar samþykktar. Skulu þau eingöngu nýtt til sumarbeitar. Upprekstur hrossa í afrétti er óheimill og skulu þau undanþegin fjallskilum.

Enginn má hafa til sérnota fyrir sig félagslegt upprekstrarland án leyfis sveitarstjórnar. Eigi má heldur færa fénað í heimalönd eða upprekstrarlönd né ónáða þar án leyfis landráðenda eða sveitarstjórnar. Ennfremur er einstaklingum óheimilt að taka fénað til upprekstrar í félagslegt upprekstrarland nema með leyfi sveitarstjórnar.

Enginn má taka búfé í heimalönd sín nema girt sé öruggri gripaheldri girðingu eða með samþykki allra nágrennabænda og sveitarstjórnar. Landráðandi ber fulla ábyrgð á þeim fénaði sem hann tekur í hagagöngu.

Á svæðum þar sem í gildi er vörsluskylda eða bann gegn lausagöngu búfjár skal ætíð halda allt búfé í öruggum gripaheldum girðingum.

Eigi skal upprekstur leyfður fyrr en gróður er nægur að mati sveitarstjórnar eða fjallskilaneftar. Komi upp ágreiningur er heimilt að leita álits gróðurverndarneftar viðkomandi sýslu. Enginn má smala upprekstrarlönd fyrir leitir nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar eða fjallskilaneftar. Óheimilt er að sleppa aftur fé úr haustréttum á afrétti.

6. gr.

Vorsmölun.

Sveitarstjórn eða fjallskilaneft er heimilt að hlutast til um vorsmölun vegna rúnings eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa.

7. gr.

Smölun ágangsfénaðar.

Sveitarstjórn skal ætíð láta smala saman ágangsfénaði eða handsama ef þörf krefur og færa þangað sem hann á að vera.

III. KAFLI

Bygging og viðhald rétta.

8. gr.

Lögréttir.

Sveitarstjórnir og fjallskilaneftir skulu auglýsa í Lögbirtingablaðinu byggingar skilarétta á nýjum stað eða flutning þeirra.

Sveitarstjórnir og fjallskilaneftir annast byggingu og viðhald skilarétta og sundurdráttarrétta. Kostnaður við nýbyggingu, endurbyggingu og viðhald skilarétta og sundurdráttarrétta greiðist úr fjallskilaskjóði viðkomandi fjallskiladeilda. Landeigandi á rétt á bótum fyrir jarðrask vegna réttarbyggingar að mati dómkvaddra manna.

Skylt er að sjá utansveitarmönnum fyrir nægilegu dilkrými og aðstaða skal vera til að einangra sjúkar kindur. Ómerkingum, óskilafé og línubróttum skulu ætlaðir sérstakir dilkar.

IV. KAFLI

Búfjármörk og skráning marka.

9. gr.

Búfjármörk.

Til búfjármarka teljast eyrnamörk, brennimörk, plötumerki og frostmerkingar. Hver búfjáreigandi er skyldur að merkja greinilega allt sauðfé, geitfé og hross en um merkingar nautgripa fer eftir reglum sem einstakar sveitarstjórnir geta sett í samráði við markavörð.

Allt sauðfé og geitfé skal eyrnamarka, lömb og kið fyrir lok 12. viku sumars. Rétt er að brennimerkja allt hyrnt sauðfé og geitfé, veturgamalt og eldra, með númeri bæjar eða eiganda, sýslu eða kaupstaðartákni og númeri sveitarfélags, á hægri horn. Nota skal plötumerki í eyru fyrir allt kollótt fé og einnig fyrir hyrnt fé sem ekki er brennimerkt,

áletruð með sama hætti og að framan greinir fyrir brennimörk. Á hinni hlið eyrnamerkisins skal skráð númer gripisins og skal merkið vera svart að lit nema á þeim stöðum þar sem notaður er rauður litur vegna sauðfjárveikivarna. Hross sem ekki eru eyrnamörkuð skal frostmerkja samkvæmt viðurkenndu kerfi. Um frostmerkingar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 579/1989 með áorðnum breytingum nr. 410/1992.

Aðeins er heimilt að nota þau eyrnamörk sem tilgreind eru í reglugerð nr. 579/1989 um búfjármörk o.fl., sbr. einnig upplýsingar um eyrnamörk og markahaetti í markaskrá. Skal markavörður gæta þess að þeim reglum sé fylgt. Einnig skal hann gæta þess að ekki séu tekin upp eða notuð mikil særingarmörk og mega mörk ekki vera meira en átta hnífsbrögð alls. Aðeins tvö undirmörk má nota sömu megin á eyra. Á hross er rétt að nota ekki áberandi yfirmörk.

Sammerking, þ.e. að tveir eða fleiri markeigendur eigi sama mark, er óheimil fyrir sauðfé og geitfé innan Landnáms Ingólfs Arnarsonar. Sammerkingar stórgripa eru óheimilar innan fjallskilaumdæma og óæskilegar innan Landnáms Ingólfs Arnarsonar. Auk þess gilda eftirfarandi reglur, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 579/1989 um búfjármörk o.fl.:

- a) Árnassýsla vestan vatna má ekki hafa sammerkt við Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Húnavatnssýslur nema hreppa norðan Vatnsneslínu í Vestur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu vestan Héraðsvatna nema hreppana norðan Seyluhrepps að undanskildu Eyhildarholti í Rípurhreppi. Auk þess eru bannaðar sammerkingar við Rangárvalla-sýslu vestan Markarfljóts.
- b) Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og allir kaupstaðir í Kjalarnesþingi mega ekki hafa sammerkt við Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu og Árnassýslu austan vatna.

Í Landnámi Ingólfs Arnarsonar skulu notuð eftirtalin sýslu- eða kaupstaðatákn og númer sveitarfélaga, eða hluta þeirra, á brennimörk og plötumerki:

A 1	Selvogur (hluti Ölfushrepps)
A 2	Ölfushreppur (utan Selvogs)
A 3	Grafningshreppur
A 4	Þingvallahreppur
A 17	Hveragerðisbær
A 18	Selfoss
G 5	Bessastaðahreppur
G 6	Garðabær
G 7	Vatnsleysustrandarhreppur
G 9	Gerðahreppur
G 10	Sandgerðisbær
Gv	Grindavíkurbær
HF	Hafnarfjörður
K1	Kjósarhreppur
K 2	Kjalarneshreppur
K 3	Mosfellsbær
K 4	Seltjarnarnes
K 5	Kópavogur
Kv	Reykjanesbær - Keflavík
Njv	Reykjanesbær - Njarðvík
RF	Reykjavík - Fjárborg
Rvík	Reykjavík (utan Fjárborgar)

10. gr.

Markaskráning.

Héraðsnefndir skulu ráða markavörð, að fenginni tillögu samráðsnefndar, til að annast söfnun marka og útgáfu markaskrár fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar eigi sjaldnar en á átta ára fresti svo og upptöku nýrra marka og eigendaskipti marka á milli þess að markaskrár eru prentaðar. Héraðsnefndum er heimilt að kjósa allt að fimm menn, þrjá úr

Árnessýslu vestan vatna og tvo úr Kjalarnesþingi að fenginni tillögu samráðsnefndar, til að aðstoða markavörð við útgáfu og dreifingu markaskráa.

Allir sem vilja birta búfjármark í markaskrá eða í Lögbirtingablaðinu á milli þess að markaskrár eru prentaðar skulu greiða markaverði markagjald um leið og þeir senda eða afhenda honum markið. Héraðsnefndir ákveða markagjaldið að fenginni tillögu markavarðar. Skal gjaldið ætíð vera svo hátt að það nægi fyrir öllum kostnaði við söfnun marka, útgáfu markaskrár og önnur störf markavarðar svo og aðstoðarmanna eftir því sem þörf krefur. Markaskrána skal prenta í svo mörgum eintökum að hver markeigandi geti fengið eitt eintak og einnig skal henni dreift til hreppstjóra, lögreglustjóra, sláturhússtjóra, vörslumanna búfjár, markavarða aðliggjandi fjallskilaumdæma og annarra sem málið varðar.

Vilji einhver taka upp nýtt mark, nota aðflutt mark eða skrá nýjan eiganda að marki á milli útgáfa markaskráa skal hann fá til þess samþykki markavarðar sem annast auglýsingu marksins í Lögbirtingablaðinu. Er það þá heimilt til notkunar. Komi upp álitamál varðandi skráningu marka skal markavörður hafa samráð við Bændasamtök Íslands sem halda tölvuskrá um öll búfjármörk í landinu og hafa eftirlit með útgáfu markaskráa, sbr. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 579/1989 um búfjármörk o.fl.

V. KAFLI

Göngur og réttir.

11. gr.

Fjallskil.

Allir, sem jörð hafa til ábúðar eða umráða, og allir sem sauðfé eiga eða hafa undir höndum eru fjallskilaskyldir samkvæmt fyrirmælum sveitarstjórna eða fjallskilanefnda. Hver maður er fjallskilaskyldur í því sveitarfélagi þar sem hann notar upprekstrarland fyrir fé sitt eða á land. Til leita í hverju upprekstrarlandi ber einkum að skipa þá er það nýta. Fjallskilakostnaði má jafna niður og leggja á í vinnu eða peningum í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds sauðfjár. Þó er heimilt að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda. Undanþiggja má fjallskilum að einhverju eða öllu leyti fénað sem sannanlega gengur ætíð í öruggum girðingarhólfum eða í eyjum.

Fjallskilasjóður skal vera í hverri fjallskiladeild og skulu reikningar hans endurskoðaðir á sama hátt og sveitarsjóðsreikningar. Fjallskilagjöld má taka lögtaki. Að jafnaði skal miða reksturinn við að tekjur sjóðsins standi undir kostnaði. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að sérstakir kostnaðarliðir fjallskila greiðist úr sveitarsjóði, svo sem vegna réttarbyggingar sbr. 8. gr. III. kafla þessarar samþykktar.

Sveitarstjórn eða fjallskilanefnd boðar með fjallskilaseðli þrem vikum fyrir haustleitir öllum þeim sem hlut eiga að máli, hvaða fjallskil þeim ber að inna af höndum, og er sérhverjum skylt að hlíta þeim fyrirmælum án undandrátta. Vanræki maður að vinna tilskilin fjallskil má kaupa mann í stað þess er vantar á kostnað þess sem skipaður var. Fyrir gangnarof skal greiða sem svarar allt að einu og hálfu dagsverki.

Hver bóndi er skyldur að smala heimaland sitt á hausti samhliða leitum, ef sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eyðibýla þó að þeir eigi þar ekki fjárvon. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrirmælum sveitarstjórna ber honum að greiða smölunarkostnað eftir mati hennar, nema honum sé meinað að nota land sitt til sumararbeitar eða leigja það. Heimilt er sveitarstjórn að veita þeim aðstoð sem erfiðastar hafa aðstæður og mest landrými til smölunar og greiðist sá kostnaður úr sveitarsjóði. Gangi meirihluti fjár í heimalöndum á sumrum getur sveitarstjórn ákveðið að haustsmölun heimalanda verði metin til fjallskila að meira eða minna leyti.

Sveitarstjórn eða fjallskilanefnd skipar leitarstjóra, safngæslumenn, tvo marklýsingamenn og réttarstjóra. Leitarstjórar skipa fyrir um leitir og ber leitarmönnum að hlýða þeim í hvívetna. Leitarstjórar ráða yfir safni sínu uns komið er til réttar og safngæslumenn taka við. Leitarstjórar sjá um að leitarmenn séu viðhlítandi útbúnir og að öðru leyti starfa sínum

vaxnir. Séu sendir í leitir vanbúðir liðléttingar sem að dómi leitarstjóra fái ekki unnið fútt gagn telst slíkt sem vanrækt fjallskil. Skipa skal menn í útréttir eftir þörfum, svo markglögga sem kostur er, og ber þeim að hirða allan fénað úr sveitarfélagi sínu og koma til rétta eða bæja í fjallskiladeildinni. Marklýsingamenn skulu kunna góð skil á búfjármörkum.

Þess skal gætt að fara vel með fénað við smölun, rekstur, gæslu, sundurdrátt og flutning. Við rekstur skal gæta þess að valda ekki tjóni á fénaði eða löndum sem rekið er um eða áð í.

12. gr.

Haustleitir.

Aðalhaustleitir skulu vera tvennar. Þá skal smala allt land þar sem fénaður hefur gengið á sumarreit, sem mest á sama tíma. Sérstaklega skal þess gætt að göngur fari fram samtímis á samliggjandi leitarsvæðum svo að eigi verði misgöngur. Skulu leitarstjórar hafa samráð um þá tilhögun sem best er talin henta til að tryggja samræmingu við smölun. Skal safnið réttað sem fyrst eftir hverja leit. Þess skal þó gætt að hvíla það vel eftir langan rekstur. Leitarstjóri skal sjá til þess að vanheilar kindur sem ekki rekast til réttar séu fluttar þangað.

Verði misbrestur á framkvæmd haustleita skal samráðsnefnd tilkynna viðkomandi sveitarstjórn, ef um einstaklinga er að ræða, en héraðsnefnd, ef sveitarfélag á í hlut. Leitað skal úrbóta án tafar í samræmi við V. kafla laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

Skilaréttir í Landnámi Ingólfs Arnarsonar skulu vera þessar, taldar upp í tímaröð, sú fyrri í 22. viku sumars og sú seinni tveim vikum síðar:

Réttir	Fyrri 22. vika sumars	Seinni 24. vika sumars
Heiðarbæjarrétt fyrir Þingvallahrepp	laugardagur	laugardagur
Húsmúlarétt fyrir Ölfushrepp o.fl. (sundurdráttur)	laugardagur	laugardagur
Lönguhlíðarrétt fyrir Bessastaða- hrepp, Garðabæ og Hafnarfjörð	laugardagur	laugardagur
Nesjavallarétt fyrir Grafningshrepp	laugardagur	laugardagur
Vatnsleysustrandarétt fyrir Vatnsleysustrandahrepp	laugardagur	laugardagur
Þórkötlustaðarétt fyrir Grindavíkurbæ	laugardagur	laugardagur
Brúsastaðarétt fyrir Þingvallahrepp	sunnudagur	sunnudagur
Dalsrétt fyrir Mosfellsbæ	sunnudagur	sunnudagur
Eldborgarrétt fyrir Grindavíkurbæ	sunnudagur	sunnudagur
Fossvallarétt fyrir Kópavog, Reykjavík og Seltjarnarnes	sunnudagur	sunnudagur
Kjósarrétt fyrir Kjósahrepp	mánudagur	mánudagur
Kollafjarðarétt fyrir Kjalarneshrepp	mánudagur	mánudagur
Selflatarétt fyrir Grafningshrepp	mánudagur	mánudagur
Selvogsrétt fyrir Selvog (hluta Ölfushrepps)	mánudagur	mánudagur
Ölfusrétt fyrir Ölfushrepp (utan Selvogs), Hveragerðisbæ og Selfoss (vestan Ölfusár)	þriðjudagur	þriðjudagur

Sundurdrátt má hafa þar sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveða og skal færa til skilaréttar það fé sem ekki er dregið upp í sundurdráttarrétt.

Komi fram óskir um að göngur og réttir fari fram á öðrum tíma en hér er ákveðið skal samráðsnefnd tilkynnt það a.m.k. fjórum vikum fyrir fyrstu haustleitir. Skal hún kanna málavöxtu og ákveða hvort og með hvaða hætti unnt er að verða við óskinni. Komi upp ágreiningur úrskurða héraðsnefndir. Heimild um breytingu gildir að jafnaði fyrir eitt skipti í senn nema öðruvísi sé ákveðið.

13. gr.

Réttarstörf.

Réttarstjórar skulu sjá um að réttarstörf gangi sem greiðast og skulu réttarmenn hlíta fyrirskipunum þeirra í hvívetna. Réttarstjórum er heimilt að kveða til aðstoðarmenn eftir þörfum. Skytt er hverjum þeim sem fjárvon á í skilarétt að mæta þar á réttum tíma til sundurdráttar eða gera ráðstafanir til að féð sé hirt.

Réttarstjórar sjá um að allir ómerkingar séu einangraðir í sérstökum dilkum og réttarmönnum síðan gefinn kostur á að láta mæður helga sér afkvæmi sín. Sömu leiðis skulu línubrjótur og óskilafé dregið í sér dilk og sjúkar kindur settar í einangrun.

Þegar ástæða er talin til að hefja töfludrátt skal réttarstjóri kalla marklýsingamenn til starfa. Á sauðfé og geitfé er brennimark réthæst, þá löggild plötumerki og síðast eyrnarmörk. Á hrossum er löggild frostmerking réthæst. Marklýsingamenn og hreppstjóri, eða réttarstjóri í hans stað, úrskurða um búfjármörk. Ómerkingum og óskilafé sem ekki finnast eigendur að, svo og línubrjótum, skal þegar lógað í sláturhúsi, og sér hreppstjóri eða réttarstjóri um að svo sé gert.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Aukasmalanir og eftirleitir.

Auk þeirra tveggja lögboðnu haustleita sem að framan greinir getur sveitarstjórn eða fjallskilanefnd ákveðið aukasmölun, eina eða fleiri, ef þurfa þykir. Skal þá sjá til þess að öll upprekstrarlönd og heimalönd séu smöluð samtímis, eða því sem næst, sem fyrst eftir seinni haustleit í 24. viku sumars.

Nú verður vart fjár í afrétti eða öðru upprekstrarlandi eftir 24. viku sumars og skal þá sveitarstjórn eða fjallskilanefnd láta handsama féð og flytja til byggða. Kostnaður við eftirleitir greiðist úr fjallskilasjóði. Sömu ákvæði gilda um fé sem finnst í ógöngum eða ósjálfbjarga.

Nú verður vart aðkomufénaðar í heimalandi eftir 24. viku sumars og er þá viðkomandi bónda eða landeiganda skytt að smala heimalandið og greiða fyrir skilum á þeim fénaði annarra sem þar kann að finnast. Verði einhver uppvís að því að smala heimaland sitt slælega eða alls ekki er sveitarstjórn heimilt að láta smala landið á kostnað viðkomandi bónda eða landráðanda hafi áminning ekki borið árangur.

15. gr.

Óskilafénaður.

Sveitarstjórn skal láta handsama lausagöngufénað hvenær árs sem er og gripir sem eru í óskilum skulu afhentir hreppstjóra, lögreglustjóra eða vörslumanni búfjár í viðkomandi sveitarfélagi.

Óskilafé, sem ekki finnast eigendur að, skal lógað í sláturhúsi en óskilahross skal hreppstjóri eða lögreglustjóri selja á opinberu uppboði með 12 vikna innlausnarfresti. Um

meðferð graðpenings sem ekki er í öruggri vörslu vísast til ákvæða 6. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.

16. gr.

Gildistaka o.fl.

Brot gegn fyrirmælum þessarar samþykktar varða sektum, nema þyngri refsing liggvi við eftir öðrum refsheimildum, og renna sektir í fjallskilasjóð þeirrar fjallskiladeildar sem brot er framið í.

Samþykkt þessi, sem héraðsnefndir Árnassýslu, Kjósarsýslu og Suðurnesja hafa samþykkt, og er sett samkvæmt heimildum í lögum nr. 6 21. mars 1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld Fjallskilareglugerð fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjörð nr. 121 1. júní 1965 og Fjallskilasamþykkt fyrir Kjósarsýslu, Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð nr. 304 3. júní 1988.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 402

15. júlí 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 362, 27. júní 1996,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997.

1. gr.

5. tl. 3. gr. breytist og orðist svo:

5. Innfjarðarækja samtals	8.200 lestir
þ.a. Eldey	1.600 lestir
þ.a. Arnarfjörður	500 lestir
þ.a. Ísafjarðardjúp	1.800 lestir
þ.a. Húnaflói	1.700 lestir
þ.a. Skagafjörður	1.000 lestir
þ.a. Skjálfaflói	700 lestir
þ.a. Axarfjörður.....	900 lestir

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. júlí 1996.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Þórður Eyþórsson.